

630-111

Alþingi
Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis
150 Reykjavík

SÍMUNGATOFA ALÞINGIS	
MÓTT. 11. APR. 2007	
09.31	



THE ICELANDIC
ASSOCIATION
OF THE DEAF

Reykjavík, 12. mars 2007

5142

Alþingi
Erindi nr. P 133/1647
komudagur 12.4.2007

SUDURLANDSBRAUT 24
108 REYKJAVÍK
ICELAND
Sími / tel.: (354) 561 3560
Fax: (354) 551 3567
deaf@deaf.is
www.deaf.is

Kæri forseti Alþingis

Hér afhendi ég stjórnvöldum undirskriftarlista.

Með þessum undirskriftarlista er verið að skora á stjórnvöld að viðurkenna íslenska táknmálið sem móðurmál heyrnarlausra og styðja aðgerðir Félags heyrnarlausra til þess að koma félagsmönnum sínum til hjálpar.

Þegar fyrstu niðurstöður af könnun um kynferðislega misnotkun birtust þá vakti það mikla athygli á táknmáli og því táknmálsbanni sem verið hafði hér á landi.

Í upphafi voru það fyrst fyrrverandi kennarar við Heyrnleysingjaskólann og foreldrar heyrnarlausra sem með þessum undirskriftarlista voru að lýsa yfir stuðningi við hagsmunabaráttu heyrnarlausra. En í ljós kom að mun fleiri en foreldrar heyrnarlausra og fyrrverandi kennarar vildu styðja þennan málstað. Í dag eru um 2.859 einstaklingar búnir að skrifa undir.

Með þessum undirskriftarlista vill Félag heyrnarlausra vekja athygli á táknmálsfrumvarpinu sem Sigurlín Margrét Sigurðardóttir varaþingmaður lagði fram á Alþingi þann 27. febrúar síðastliðinn. Við skorum á Alþingi og stjórnvöld að ljúka 3. umræðu frumvarpsins áður en þingslit verða. Þetta frumvarp kemur til með að snerta líf margra og aðgengi okkar að íslenska samfélaginu í dag.

Aðgengi okkar að samfélaginu hefur verið takmarkað og því hefur verið erfitt fyrir okkur að vera virkir þjóðfélagsþegnar þar sem erfitt hefur fyrir raddir okkar að heyrast.

Svo að lokum langar mig að fá að afhenda þér þennan lista og óska eftir því fyrir hönd annarra heyrnarlausra og táknmálstalandi fólks að táknmálið verði virt og viðurkennt í samfélaginu og með lagasetningu er hægt að staðfesta okkar tilverurétt og opna aðgengi fyrir okkur að íslenska samfélaginu.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags heyrnarlausra

Hjördís Anna Haraldsdóttir
Formaður

Íslenskt **táknmál**
þú hefur það í hendi þér

ABILD AD: NORDURLANDARADI HEYRNARLAUSRA / ÖNÉ - ALHEIMSSAMBANDI HEYRNARLAUSRA (MED) - EUROPS SAMBANDI HEYRNARLAUSRA (EUD)